

<i>Þema</i>	<i>Undirþema</i>	<i>Skilgreining nafnbera</i>	<i>Nafnberi</i>	<i>Skilgreining</i>	<i>Nafnberi kóði</i>
Samfélag	Dreifbýlissvæði og óbyggðir.	Svæði, sem ekki er þéttbýli, með skilgreind mörk.	afréttur	Heiðaland sem bændur nota sameiginlega sem sumarhaga handa búfé.	1.1.1
			byggðarkjarni	Þéttbýlt svæði í dreifbýli.	1.1.2
			sveit	Hérað.	1.1.3
			þjóðlenda	Landsvæði utan eignarlanda. Einstaklingar eða lögaðilar geta átt takmörkuð eignarréttindi.	1.1.4
			sumarbústaða-hverfi	Svæði þar sem sumarbústaðir standa í þyrpingu.	1.1.5
			veiðistaður	Staður úti í á, vatni eða við strönd, hentugur til veiða og er þekktur sem slíkur af veiðimönnum.	1.1.6
Manngerð svæði	Mannvirkjaleifar	Grafreitir/minnisvarði.	dys	Upphækkuð gröf, venjulega hulin grjóthrúgu.	2.1.1
			grafreitir	Afmarkaður blettur til greftrunar, einkum utan kirkjugarðs, sérstaklega helgaður og með staðfestingu yfirvalda.	2.1.2
			kirkjugarður	Vígður reitur þar sem greftranir fara fram.	2.1.3
			minnismerki	Hlutur reistur til minningar um persónu eða atburð.	2.1.4
		Mannvirkjaleifar.	eyðibýli	Sveitabær sem ekki er lengur búið á.	2.1.19
			garður	Hlaðinn veggur.	2.1.15
			gerði	Umgirt svæði.	2.1.6
			grjótbyrgi	Gerði, vígi eða fiskibyrgi úr grjóti.	2.1.7
			kvíar	Lítill rétt þar sem sauðkindur voru mjólkaðar.	2.1.8
			mannvirkjaleifar - annað	Ýmsar mannvirkjaleifar.	2.1.17
			mannvirkjaleifar - bryggja	Bryggjurústir.	2.1.9
			mannvirkjaleifar - brú	Brúarrústir.	2.1.18
			mannvirkjaleifar - hús	Húsarrústir, einnig tóft/tótt.	2.1.10
mógröf	Gryfja í votlendi þar sem mór er tekinn.	2.1.11			
naust	Skipa- og bátaskýli, oft án þaks.	2.1.12			

			rétt	Lokað svæði, hlaðið, steipt eða girt með hólfum fyrir búfé.	2.1.13
			sel	Dvalarstaður með húsakosti í sumarhögum langt frá bæ þar sem búsmalar mjólkuðu. Sögulegt.	2.1.14
			stekkur	Fjárrétt með afstúkuðu rými fyrir lömb innst. Sögulegt.	2.1.15
			varða	Grjót- eða moldarhraukur, hlaðinn til vegvísunar. Einnig manngerð þúfa sem landamerki.	2.1.16
	Samgöngur	Leið, notuð af fólki eða af skepnum.	brú	Mannvirki sem ber veg yfir á eða aðra hindrun.	2.2.7
			ferjustaður	Staður þar sem ferja fer yfir vatnsfall.	2.2.1
			höfn	Staður þar sem skip leggjast að til að athafna sig, lega, bryggjusvæði.	2.2.8
			gönguslóði	Mjór vegur fyrir gangandi fólk og skepnur.	2.2.2
			hlið	Hurð/hurðarop á girðingu eða vegg.	2.2.5
			slóði	Ógreinilegur vegur, stígur.	2.2.3
			torg	Opið svæði, oft miðsvæðis, í borg eða bæ.	2.2.6
			vegur	Braut milli staða, akbraut.	2.2.4
Yfirborðsvatn	Jöklar og fannir	Varanlegur snjór/ís hátt í landi.	fönn	Snjór, snjóskafli.	3.1.1
			jökull	Þykk breiða af harðfrosnum snjó eða ís sem tekur ekki upp á sumrum en helst áratugum eða öldum saman.	3.1.2
	Straumvatn	Rennandi vatn.	á	Vatnsfall, nokkuð umfangsmikið að breidd, lengd eða vatnsmagni.	3.2.1
			árfarvegur	Renna í landi sem straumvatn rennur eftir.	3.2.2
			árós	Staður þar sem á fellur í sjó eða stöðuvatn, ármynni.	3.2.3
			bugða	Beygja í straumi.	3.2.4
			drög	Uppsprettur og lækir sem sameinast í eitt.	3.2.5
			fljót	Stór, vatnsmikil á.	3.2.6
			hylur	Djúpur staður í straumvatni.	3.2.7
			kíll	Langur og djúpur lygn lækur sem tengir stundum vatnsföll, tjarnir eða vötn saman.	3.2.8
			kvísl	Grein af meginvatni ár eða straums.	3.2.9
			lygna	Kyrirt vatn.	3.2.10
			lækur	Lítið vatnsfall.	3.2.11

		læna	Lítill, straumlygn lækur.	3.2.12
		síki	Aflangur uppistöðupollur.	3.2.14
		strengur	Straumfall.	3.2.15
		svelgur	Hringiða í vatnsfalli.	3.2.16
	Fossar og flúðir.	flúðir	Klöpp rétt undir yfirborði rennandi vatns.	3.2.17
		foss	Straumvatn sem fellur niður af stalli.	3.2.18
	Staður þar sem hægt er að fara yfir á eða læk.	vað	Staður þar sem er fær leið yfir vatnsfall.	3.2.19
Stöðuvötn	Hverir og uppsprettur.	hver	Uppspretta þar sem upp streymir heitt vatn eða gufa.	3.3.1
		hverasvæði	Jarðhitasvæði með hverum.	3.3.2
		laug	Náttúruleg laug með volgu vatni.	3.3.3
		lind	Vatnsrás úr grunnvatninu upp á yfirborð jarðar, uppspretta.	3.3.4
		pyttur	Djúp hola með vatni.	3.3.5
		volgra	Volg lind, hlý uppspretta.	3.3.6
	Ferskvatn umkringt landi.	lón	Stöðuvatn sem myndast við jaðar skriðjökuls þegar hann hopar, jökullón.	3.3.7
		pollur	Lítill dæld eða hola með vatni í.	3.3.8
		stokkur	Náttúrulegir skurðir á engjum	3.3.18
		stöðuvatn	Svæði með fersku vatni umkringt landi.	3.3.9
		tjarnasvæði	Svæði með tjörnum.	3.3.10
		tjörn	Lítið stöðuvatn.	3.3.11
		uppistöðulón	Vatn sem safnað er ofan stíflu til miðlunar.	3.3.12
		vatnasvæði	Svæði með vötnum.	3.3.13
		vatnsból	Staður þar sem neysluvatn er tekið.	3.3.14
	Skarð eða bugur inn í land.	flói	Stór og breiður fjörður.	3.3.15
		vík	Lítill bugur inn í strönd.	3.3.16
		vogur	Allstórt skarð inn í land.	3.3.17

Manngert vatnafar	Rás í votlendi.	skurður	Rás sem grafin er í votlendi til að ræsa það fram og þurrka.	3.4.1	
	Gat sem hefur verið borað í jörðina til að sækja vatn.	vatnsbrunnur	Gat eða hola sem hefur verið borað í jörð til að sækja vatn.	3.4.2	
Haf	Sjór	Hluti af sjávarleið.	áll	Djúp og þröng renna á sjávarbotni.	4.1.1
			renna	Skora eða rás sem hægt er að sigla um. Röst.	4.1.2
			sund	Bil milli eyjar og lands.	4.1.3
	Haf.	djúp	Dýpi, hafdjúp.	4.1.4	
		haf	Stórt flæmi af sjó, hafsvæði.	4.1.5	
	Mjög grunnt vatn.	boði	Blindsker.	4.1.6	
		grynningar	Svæði á botni sjávar þar sem er grunnt.	4.1.7	
		landgrunn	Grunnsævi út frá landi.	4.1.8	
	Sjór sem skerst inn í land.	fjörður	Langur vogur, vik inn í land, venjulega meiri á lengd en breidd.	4.1.9	
		flói	Stór og breiður fjörður.	4.1.10	
		pollur	Innsti hluti fjarðar sem takmarkast af eyri og þröngu sundi.	4.1.11	
		vík	Lítill bugur inn í strönd.	4.1.12	
		vogur	Allstórt skarð inn í land, styttra en fjörður. Vik, bugt.	4.1.13	
	Svæði úti í sjó hentugt til veiða eða siglingaleið til lendingar.	fiskimið	Veiðislóðir á sjó.	4.1.14	
		mið	Mið tekið af kennileiti á landi notað til að miða eða marka staðsetningu.	4.1.21	
	Vatn aðskilið frá sjó með lágum bökkum eða með rífi og þröngri leið til sjávar.	sjávarlón	Lón sem er skilið frá sjó með malarrífi.	4.1.15	

Land eða svæði sem er umkringt sjó.	eyja	Land umflotið vatni.	4.1.16
	eyjaklasi	Nokkrar eyjar í þyrpingu.	4.1.17
	hólmi	Smáey, misvel gróin.	4.1.18
	sker	Klettur eða klöpp í eða rétt undir sjávarborði.	4.1.19
	skerjaklasi	Þyrping af skerjum.	4.1.20

Landmótun og gróður	Fjalllendi	Hæsti punktur fjalls.	hnjúkur	Skýrt afmarkaður hákollur fjalls, hnúkur.	5.1.1
			tindur	Hæsti hluti fjalls, venjulega mjór og brattur, fjallstindur.	5.1.2
		Samfelld fjallalengja.	fjallgarður	Fjallaklasi, fjöllótt landsvæði, fjalllendi.	5.1.3
			heiði	Háslétta. Óbyggt land (í nokkurri hæð) milli byggða eða ofan byggðar. Lengri eða skemmri fjallvegur jafnvel fjallaskarð milli byggða.	5.1.4
		Mikil hækkun á yfirborði jarðar, áberandi í umhverfinu.	fell	Stakt fjall	5.1.5
			fjall	Há og umfangsmikil bunga sem gnæfir yfir umhverfi sitt í landslagi.	5.1.6
			hyrna	Hvass fjallstindur.	5.1.7
		Þverhnipt eða bratt berg.	bjarg	Stór steinn, klettur, strandberg, fuglabjarg. Hátt, þverhnipt.	5.1.8
			drangur	Hár og mjór stakur klettur eða steinn, drangi.	5.1.9
			egg	Skörp brún á fjalli, fjallsegg.	5.1.10
			hamar	Klettaveggur.	5.1.11
			hjalli	Sléttur stallur eða þrep í fjallshlíð.	5.1.12
			klettabelti	Löng röð af klettum.	5.1.13
			klettur	Jarðfast bjarg, stærra en steinn, steindrangur.	5.1.14
			klif	Einstigi upp í fjallaskarð eða um kletta.	5.1.15
			klöpp	Flatt og slétt, jarðfast bjarg.	5.1.16
			steinbogi	Einn eða fleiri klettur sem manngengt er yfir gil eða á.	5.1.17
			steinn	Moli úr hörðu bergi.	5.1.18
		Áberandi steinmyndanir.	bakki	Strönd, brún, barmur, land fram með ár- eða sjávarbakka.	5.1.19

	brekka	Halli í landi.	5.1.20
	brún	Fjallsbrún.	5.1.21
	hlíð	Löng brekka eða halli frá fjallsrótum upp á fjallsbrún eða upp að hamrabelti.	5.1.22
	kinn	Hlíð.	5.1.23
	stallur	Þrep eða vik inn í vegg eða klett.	5.1.24
	stapi	Allhár klettur sem er áberandi hár og ávalur (hringlaga).	5.1.25
	sylla	Stallur í bergi.	5.1.26
	öxl	Stallur á fjallshrygg se, lækkar snögglega, fjallsöxl.	5.1.27
Lítill hækkun á yfirborði jarðar.	alda	Bylgjulaga hæð í landslagi.	5.1.28
	ás	Aflöng, ávöl hæð í landslagi.	5.1.29
	barð	Bakki á landi.	5.1.30
	bunga	Ávöl mishæð í landslagi.	5.1.31
	holt	Mishæð í landslagi, gróðurlítill og oft grýtt ofan til. Móaland hálfgróið eða lyngvaxið.	5.1.32
	hóll	Lítill mishæð í landslagi, oft skarpt afmörkuð, misvel gróin.	5.1.33
	hæð	Afmörkuð upphækkun í landslagi.	5.1.34
	kambur	Malarbrún, malarhryggur í landslagi.	5.1.35
	leiti	Mishæð í landslagi (sem ber við sjónarhring).	5.1.36
	rimi	Dálítill landræma, lítið eitt hærri en umhverfið.	5.1.37
Löng og mjó hækkun á fjalli eða hæð.	háls	Hæð í landslagi, hæðardrag.	5.1.38
	hryggur	Aflöng mishæð í landslagi.	5.1.39
Mjótt línulegt fyrirbæri sem lækkar þegar fjær dregur frá fjalli.	múli	Afmarkaður fjallsendi fram úr fjallaröð.	5.1.40
	rani	Hryggur sem gengur fram undan fjalli eða tunga í landslagi.	5.1.41
	tunga	Mjó landspilda milli tveggja vatnsfalla, gilja o.fl.	5.1.42
Dalir og skorur.	botn	Innsti hluti fjarðar eða dals.	5.1.43

dalsmynni	Svæðið þar sem dalur byrjar, inngangur í dal.	5.1.44
dalur	Nokkuð djúp og aflöng lægð í fjalllendi.	5.1.45
drag	Innsti hluti, upphaf dals þar sem fjöllin eru lág og aflíðandi.	5.1.46
gil	Djúpur skorningur sem lækur eða á hefur grafið í landið.	5.1.47
gjá	Löng og djúp jarðsprunga eða skora með klettaveggjum.	5.1.48
gljúfur	Djúpt gil með þverhníptum hamraveggjum.	5.1.49
kleif	Geil í fjallshlíð, skarð.	5.1.50
skarð	Lægð milli fjallshnúka eða hárra fjalla.	5.1.51
skál	Dæld í landslagi.	5.1.52
skora	Rauf eða vik í landslagi.	5.1.53
skorningur	Skurður eða farvegur myndaður af vatni.	5.1.54
vik	Skarð inn í land eða hraun.	5.1.55

Jarðmyndanir	Jarðfræðileg fyrirbæri sem varða myndun og mótun lands.		
	eldstöð	Staður þar sem eldgos verður, gosstöðvar.	5.2.1
	gígaröð	Röð eldvarpa sem orðið hafa til við gos á sprungu.	5.2.2
	gígur	Skál eða gat í eldstöð þar sem gosefni hafa streymt út; lítil eldstöð og gosefnin í kringum hana.	5.2.3
	hraun	Grýtt, eldbrunnið landsvæði.	5.2.4
	hraunborg	Klettamyndanir úr hrauni.	5.2.5
	ketill	Sigdæld.	5.2.6
	misgengi	Brotalína í jarðlögum þar sem hreyfing hefur orðið.	5.2.7

Gróður	Gróið land.	bali	Slétt grasflöt, grasbali.	5.3.1
		bás	Lítill dæld í grónu landi.	5.3.2
		bolli	Lítill grasivaxin lægð í landslagi.	5.3.3
		dæld	Lítill dæld í grónu landi.	5.3.4
		engi	Gott gróðurland sem hentar til beitar.	5.3.5
		engjastykki	Lítið nokkuð flatt grassvæði.	5.3.6
		flesja	Slétt landspilda þakin gróðri eins og mosa eða mýrargróðri.	5.3.7
		geiri	Grassvæði.	5.3.8
		graslendi	Grasi gróið landsvæði.	5.3.9
		gróf	Lægð í yfirborði lands eftir vatn.	5.3.10

grund	Slétt, grasi gróin jörð.	5.3.11	
hagi	Grösugt svæði þar sem búfé gengur á beit.	5.3.12	
hólf	Lítið, sérstaklega aðgreint grasi gróið svæði.	5.3.13	
hvammur	Grasi gróin lægð eða slakki inn í hlíð eða brekku.	5.3.14	
hvilft	Stuttur skálarlaga dalur í fjallshlíð.	5.3.15	
krókur	Hlykkur, lykkja	5.3.16	
kvos	Lítill dæld í grónu landi.	5.3.17	
laut	Lítill dæld í grónu landi.	5.3.18	
lág	Lítill dæld í grónu landi.	5.3.19	
lægð	Dæld í landslagi.	5.3.20	
mói	Fremur þurrt og þýft graslendi.	5.3.21	
ræma	Aflöng landspilda.	5.3.22	
slakki	Lægð í yfirborð lands, t.d. í halla, brekku eða hlíð.	5.3.23	
slétta	Flatlendi með sléttu yfirborði.	5.3.24	
spilda	Hluti lands, stykki.	5.3.25	
stykki	Partur eða sneið af túni/engi.	5.3.26	
teigur	Landsvæði, ræma eða skák, einkum á langveginn.	5.3.27	
torfa	Gróin spilda umlukin ógrónu landi.	5.3.28	
tún	Ræktað land bújarðar til heyskapar.	5.3.29	
völlur	Flatt svæði.	5.3.30	
Skógur.	kjarr	Breiða af lágvöxnum trjám, hríslur.	5.3.31
	lundur	Nokkur tré saman, trjáþyrping.	5.3.32
	rjóður	Lítið, autt, trjálaust svæði í skógi, skógarrjóður.	5.3.33
	skógrækt	Gróðursetning trjáplantna og hirðing skógar.	5.3.34
	skógur	Landsvæði vaxið trjágróðri.	5.3.35

Auðnir

Gróðursnautt svæði.

flag	Svæði með moldarjarðvegi án grassvarðar.	5.4.1
jarðfall	Holrúm sem myndast þegar jarðvegi skolar burt undan yfirborðinu og yfirborðið fellur síðan saman.	5.4.2
melur	Gróðursnautt svæði þakið möl eða smásteinum.	5.4.3

		rofabarð	Grashóls- eða grastorfubrún sem vindur hefur rofið gróðursvörð af.	5.4.4
		sandur	Landsvæði þar sem fínmulin bergmylsna er ráðandi í landslagi.	5.4.5
		skriða	Jarðvegsspilda, aur og grjót, sem runnið hefur úr fjallshlíð niður á láglandi.	5.4.6
		urð	Stórgrýtt svæði, grjótþyngjur sem hrunið hafa úr fjöllum eða björgum.	5.4.7
	Náttúruleg hvelfing inn í klett.	gjóta	Djúp, þröng hola í hrauni eða grýttu landi.	5.4.8
		greni	Bæli sumra villtra dýra, t.d. refs.	5.4.9
		hellir	Náttúruleg hvelfing inn í klett stundum með þröngu opi.	5.4.10
		skúti	Lítill grunnur hellir, skvampa.	5.4.11
	Flatlendur jarðvegur venjulega mettaður vatni, með lítið sem ekkert frárennsli og gróið sérstökum tegundum plantna.			
Votlendi		drag	Mýrlend lægð, mýrarsund. Einnig síki, pyttur, sund.	5.5.1
		dý	Pollur, fen í votlendi, oft með mosa í kring.	5.5.2
		fit	Sjávarfitjar, votlendi við strendur.	5.5.3
		flói	Flatlendi með vatnsósa mýrarjarðvegi.	5.5.4
		kelda	Pyttur eða dý í votlendi.	5.5.5
		mýri	Hallalítið votlendi, misblautt á köflum, gróið sérstökum tegundum plantna.	5.5.6
		votlendi	Landsvæði mettað af grunnvatni.	5.5.7
Landmyndanir vötn	Land eða svæði sem er umkringgt vatni í stöðuvatni eða á.			
		eyri	Sand eða malarsvæði (stundum uppgróið) meðfram á (vatni), myndað af framburði árinna.	5.6.1
		eyja	Land umflotið vatni.	5.6.2
		eyjaklasi	Nokkrar eyjar í þyrpingu.	5.6.3
		hólmi	Smáey, misvel gróin.	5.6.4

		höfði	Hæð eða klettur sem skagar út í á eða vatn.	5.6.5
		nes	Láglend landræma sem teygir sig út í vatn.	5.6.6
		oddi	Lág og mjó landtunga milli t.d. tveggja vatnsála.	5.6.7
		rif	Ílöng sandbunga í vatni.	5.6.8
		sandtangi	Mjó landræma sem gengur út í vatn, sandeyri, tangi.	5.6.9
	Hallandi strönd við stöðuvatn eða lítinn hluta ár, venjulega þakinn sandi eða möl.	strönd	Landræma meðfram vatni, venjulega með sandi eða grjóti.	5.6.10
Landmyndanir sjór	Land eða svæði sem er að mestu umkringgt sjó.	eiði	Grandi. Rif eða landræma milli ness (höfða) og meginlands.	5.7.1
		eyri	Landræma sem skagar út í sjó.	5.7.2
		höfði	Hæð eða klettur sem skagar út í sjó.	5.7.3
		nes	Láglend landræma sem teygir sig út í sjó.	5.7.4
		oddi	Lág og mjó landtunga milli t.d. tveggja vantsála.	5.7.5
		rif	Ílöng sandbunga í sjó.	5.7.6
		skagi	Stórt landsvæði sem skagar út í sjó.	5.7.7
		tangi	Mjó landræma sem gengur út í sjó, sandtangi.	5.7.8
	Hallandi sjávarströnd sem er venjulega þakin sandi eða möl.	fjara	Sá hluti strandar sem sjávarföll leika um, sjávarmál.	5.7.9
		forvaði	Vað fyrir sjávarhamra sem fært er um á fjöru en ófært á flóði.	5.7.10
		hlein	Klöpp í flæðarmáli.	5.7.11
		leira	Leirborin landspilda sem myndast þar sem set hefur safnast vegna sjávarfalla eða áa.	5.7.12
		lending	Staður á strönd, í fjöru, þar sem bátum er lent, lendingarstaður.	5.7.13
		strönd	Landræma meðfram sjó, venjulega með sandi eða grjóti.	5.7.14
		vaðall	Leirur eða eyrar sem sjór fellur yfir, grunnur áll.	5.7.15